

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2024

Tilvísun ÞÍ: 2024020799/0.1

Tilvísun sendanda:

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um mannanöfn, þingskjal 22 – 22 mál.

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 9. febrúar sl., þar sem frumvarp til nýrra laga um mannanöfn, 22. mál, þingskjal 22, er sent til umsagnar. Athugasemdir stofnunarinnar fara hér á eftir.

Almennt um frumvarpið

Stofnunin telur af gefinni reynslu við framkvæmd laganna að tímabært sé að laga þau að breyttum tíðaranda og bæta úr þeim vanköntum sem á þeim eru enda eru núverandi lög frá árinu 1996. Telur stofnunin því jákvætt að umrætt frumvarp sé til umfjöllunar hjá allsherjar- og menntamálanefnd enda feli það í sér réttarbót m.a. að því er varðar réttindi barna og með því að fella út ákvæði sem fela í sér mismunum, eins og t.d. 5. mgr. 8. gr. um rétt til að bera ættarnöfn, en þar er réttur mismunandi eftir því hvort sá sem ættarnafnið er sótt til hafi borið ættarnafn fyrir eða eftir gildistöku eldri mannanafnalaga nr. 37/1991.

Stofnunin telur hins vegar nokkra vankanta vera á framlögðu frumvarpi sem mikilvægt sé að bæta úr. Telur stofnunin að eftirfarandi atriði þurfi að laga:

1. Fjöldi nafna

Samkvæmt frumvarpinu á að leggja niður ákvæði nógildandi laga um takmörkun á fjölda nafna sem einstaklingur getur borið í þjóðskrá. Í nógildandi lögum um mannanöfn er bráðabirgðaákvæði vegna skráningar nafna í þjóðskrá þegar ekki er unnt að skrá nafn manns að fullu í þjóðskrá og ekki næst samkomulag um hvernig með skuli fara. Á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins voru „Reglur um skráningu nafna þegar ekki er unnt að skrá nafn manns að fullu í þjóðskrá og ekki næst samkomulag um hvernig með skuli fara“ nr. 1025/2011, settar. Tilgangur með þessum reglum er að kerfi Þjóðskrár Íslands og kerfi sem tengjast kerfum stofnunarinnar geta ekki miðlað eða tekið á móti fleiri en 31 eða 44 stafbilum fyrir nöfn. Verði frumvarpið að lögum þannig að engin takmörk verði á nafnafjölda einstaklinga er nauðsynlegt að Þjóðskrá Íslands verði tryggð heimild til að geta áfram skráð og miðlað styttri ritun nafna þar sem ljóst er að tölvukerfi sem vinna með nöfn einstaklinga munu almennt ekki geta borið óendalegan fjölda stafbila. Þannig geta vegabréf, sem gefin eru út af Þjóðskrá Íslands, að hámarki borið 38 stafbil. Enn færri stafbil eru samkvæmt alþjóðlegum reglum og stöðlum, en þar er miðað við 30 stafbil í vélrænt lesanlegum hluta skilríkja eins og nafnskírteina, en útgáfa þeirra hefst um næstu mánaðarmót.

2. Skilyrði til nafna

Í frumvarpinu eru öll skilyrði sem gerð eru til eiginnafna, millinafna og ættarnafna felld úr gildi. Telur Þjóðskrá Íslands nauðsynlegt að einhvers konar afmörkun eða rammi sé til staðar um hvað teljist eða geti talist til nafns einstaklings. Verður lögjafinn að

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is

taka afstöðu til þess hvort stakur bókstafur, tölustafur eða tákn geti talist nafn einstaklings. Það er hlutverk Þjóðskrár Íslands að skrá nöfn einstaklinga í þjóðskrá og því nauðsynlegt að skýrt sé í lögum hvað stofnuninni beri að skrá. Bendir Þjóðskrá Íslands meðal annars á að erlend staftákn eru ekki skráð í þjóðskrá þar sem kerfið styður ekki við viðbótarstafasett þar sem t.d. er ekki skilgreindur stafastaðall né vörpunarstaðall, þ.e. hvernig túlka eigi erlend stafatákn og varpa þeim í stafatöflu þannig að röðun og endurheimt verði rétt/skilvirk.

3. Ættarnöfn

Varðandi ættarnöfn telur Þjóðskrá Íslands æskilegt að einhverskonar skilgreining á ættarnöfnum sé í lögum líkt og kenninöfn eru skilgreind. Ættarnöfn eru skilgreind sem nöfn sem ganga milli kynslóða innan sömu fjölskyldu eða ættar og beri því foreldrar eða foreldri sama ættarnafn og börn þeirra. Sem dæmi má nefna að ekki er tilgreint hvort annað eða báðir foreldrar barns verði að bera sama ættarnafn og barni er gefið eða hvort heimilt sé að foreldrar sem eiga fleiri en eitt barn geti gefið börnum sínum sitt hvert ættarnafnið þannig að ekkert systkinanna beri sama ættarnafn.

Ef engar kröfur eru gerðar til þess að systkini og/eða foreldrar beri sama ættarnafnið missir hið svokallaða ættarnafn í raun merkingu sína. Telur Þjóðskrá Íslands heppilegt að einhverjar grundvallarreglur gildi um notkun ættarnafna ella breyta heiti þessarar tegundar nafna.

4. Kenninafnsbreytingar barna

Bendir Þjóðskrá á að í frumvarpinu er lagt til að 6. mgr. 14. gr. núgildandi laga falli niður og er þá misræmi í framkvæmd á því hvenær skuli leita samþykkis þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

5. Möguleiki til nafnbreytinga

Í frumvarpinu er ekki að finna neina takmörkun á því hversu oft er hægt að skipta um nafn. Í núgildandi lögum er í 17. gr. kveðið á um að nafnbreyting skuli einungis heimiluð einu sinni nema sérstaklega standi í á. Hins vegar er staðan sú að ákveðinn fjöldi einstaklinga sækir um nafnbreytingu oft á ári. Slíkt yrði afar vandasamt í framkvæmd og gæti skapað vandamál við auðkenningu ef jafn auðvelt yrði að skipta um nafn og frumvarpið gerir ráð fyrir. Leggur stofnunin því til að bætt verði inn í frumvarpið sambærilegu ákvæði og er að finna í 17. gr. eða að réttur verði takmarkaður t.d. við einu sinni á ári.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Telma Halldórsdóttir
Yfirlögfræðingur

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is

